

Nr. 016 / 11 Valdimar GK 195***Skipverjar slasast á höfði***

Skipaskr.nr. 2354
Smíðaður: Noregi 1982 stál
Stærð: 344,3 brl. 569 bt.
Mesta lengd: 41,3 m Skráð lengd: 38 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 15



Valdimar© Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. október 2010 var Valdimar GK 195 á línuveiðum í Víkurál. Veður: NA 8 m/s.

Skipverji sem var að vinna í lest rak sig í stiga sem losnaði og féll á höfuð hans með þeim afleiðingum að hann fékk sár á eyra. Haft var samband við lækni sem taldi ekki þörf á sérstökum aðgerðum. Skipverjinn varð ekki óvinnufær.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.